

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1995

15. júní 1995

797

Nr. 324

REGLUGERÐ

um Lýðveldissjóð.

1. gr.

Lýðveldissjóður er stofnaður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Hann er eign ríkisins. Starfstími sjóðsins er frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt: að stuðla að rannsóknum á lífríki sjávar og að efla íslenska tungu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipar tvær þriggja manna verkefnisstjórnir, aðra fyrir vistfræðirannsóknir sjávar og hina um eflingu íslenskrar tungu.

Verkefnisstjórnir skulu vinna verkefnaáætlanir hvor á sínu sviði og leggja fyrir stjórn sjóðsins.

4. gr.

Helmingi af tekjum sjóðsins á starfstíma hans skal verja til vistfræðirannsókna sjávar samkvæmt sérstakri rannsóknaráætlun og helmingi til að efla íslenska tungu samkvæmt nánari ákvörðunum sjóðsstjórnar.

Stjórn sjóðsins skal gera árlega fjárhagsáætlun, sem miðist við að greiðslur úr sjóðnum til verkefna og styrkja séu í samræmi við tekjur hans og senda hana forsætisráðuneyti.

Greiðslur úr sjóðnum fara fram samkvæmt skriflegri beiðni sjóðsstjórnar.

Rekstrarkostnaður sjóðsins skal ár hvert eigi nema hærri fjárhæð en 1,5% af tekjum hans.

5. gr.

Tilkynna skal 17. júní ár hvert um fjárveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Verkefnisstjórn vistfræðirannsókna skal, á þann hátt sem sjóðsstjórn telur fullnægjandi, leita eftir hugmyndum og tillögum stofnana og vísindamanna um styrki til rannsókna á vistfræði sjávar við Ísland. Þegar verkefnisstjórninni hafa borist umsóknir skal hún meta þær og gera tillögu um afgreiðslu þeirra til sjóðsstjórnar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela verkefnisstjórn vistfræðirannsókna sjávar að endurskoða verkefnaáætlun í heild eða að hluta.

8. gr.

Sjóðsstjórn skiptir því fé sem til ráðstöfunar er til eflingar íslenskri tungu.

9. gr.

Verkefnisstjórn um eflingu íslenskrar tungu skal gera tillögu til sjóðsstjórnar um verkefnaáætlun innan þess ramma sem sjóðsstjórn ákveður.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að verja árlega 10% af tekjum sjóðsins til minni háttar verkefna:

- a. á sviði vistfræðirannsókna sjávar,
- b. til eflingar íslenskri tungu.

Stjórnin skal auglýsa í fjölmiðlum eftir umsóknum um styrki til slíkra verkefna.

11. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega heiðursviðurkenningu einstaklingum, félögum eða stofnunum sem:

- a. skarað hafa fram úr á sviði sjávarrannsókna eða eftl þekkingu landsmanna á lífríki sjávar,
- b. hafa sýnt íslenskri tungu sérstaka ræktarsemi og þannig eflt með þjóðinni metnað til að varðveita og viðhalda móðurmálinu.

12. gr.

Þeir, sem fá fé úr Lýðveldissjóði, skulu eigi síðar en í febrúar ár hvert senda stjórn sjóðsins skýrslu um framvindu verkefna og ráðstöfun fjár undanfarið starfsár. Stjórn sjóðsins er heimilt að fresta greiðslum eða fella niður greiðslur til þeirra sem senda ekki fullnægjandi skýrslur samkvæmt þessari grein. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða fella niður greiðslur ef skilyrði fyrir styrkveitingum reynast ekki uppfyllt.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skal fyrir lok hvers starfsárs gera skýrslu um starfsemi sjóðsins og senda hana forsætisráðherra og forseta Alþingis.

14. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja nánari reglur um fjárúthlutanir sem eru á hennar vegum.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. gr. laga um Lýðveldissjóð, nr. 125/1994, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 15. júní 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.